



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Priðjudaginn 16. september 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 10.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Auk þess mættu á fundinn undir dagskrárlið 1 og 2 Þorgerður Anna Arnardóttir, leikskólastjóri, Vera Ósk Valgarðsdóttir, skólastjóri og Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Leikskólinn Barnaból

Þorgerður Anna leikskólastjóri fór yfir starf og breytingar sem unnið er að í leikskólanum til að fella starfið að starfsháttum og hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Fram kom að aðlögun leikskólans að starfsháttum og hugmyndafræði Hjallastefnunnar hefur gengið vel. Starfsfólk og foreldrar tuki fullan þátt í breytingunni og almennt verði ekki séð annað en ánægja ríki með breytingarnar. Umræður urðu um leikskólastarfið almennt. Samþykkt að fela sveitarstjóra að taka upp samninga við Hjallastefnuna um að leikskólinn verði að fullu Hjallastefnuskóli frá næstu áramótum.

2. Höfðaskóli

Vera Ósk og Guðjón fóru yfir skólastarfið og skýrðu hvernig það hefði farið af stað í byrjun skólaárs. Þau gerðu einnig grein fyrir því helsta í starfinu framundan. Farið hafi verið yfir ytra mat sem gert var á síðasta skólaári og gerð úrbótaáætlun vegna þeirra atriða sem þar komu fram. Farið var yfir ýmis atriði sem unnið er að og ýmislegt sem leysa þarf úr. Fram kom að góður andi er í starfsmannahópnum og samskipti við foreldra og samfélagið hafi gengið vel. Mikil umræða varð um skólastarf og menntun.

3. Viðaukar við fjárhagsáætlun

Fyrir fundinum lá tillaga að viðaukum við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2014. Tillagan er samantektarskjal viðauka sem er byggt á formi sem kynnt var með bréfi Innanríkisráðuneytisins dags. 18. júní sl. Formið er í samræmi við auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001 með vísan til viðauka 2.9 og 2.10 þar sem stöðluð form eru kynnt. Í viðaukaskjalinu kemur fram á hvaða deild og tegund viðaukinn er en þar kemur einnig fram upphafleg fjárhagsáætlun, samantekt allra viðauka og fjárhagsáætlun með viðaukum. Í skjalinu er sömuleiðis útfærð ákvörðun um hvernig viðauka skuli mætt. Samtals breytingar vegna viðauka við rekstrarþætti eru 17 milljónir og breytingar vegna viðauka við fjárfestingar 25,7 milljónir. Lagt er til að breytingin komi til lækkunar á handbæru fé.



Í yfirliti um áhrif viðauka á rekstrarreikning má sjá að rekstrarniðurstaða rekstrar A-hluta versnar um 16,5 milljónir og rekstrarniðurstaða samstæðu versnar um 16,7 milljónir.

Áætluð rekstrarafkoma samstæðunnar fer því úr því að vera jákvæð um 9,4 milljónir í neikvæða niðurstöðu sem nemur 7,6 milljónum. Þar sem rekstur sveitarfélagsins hefur verið jákvæður undanfarin ár mun þessi niðurstaða ekki brjóta jafnvægisreglu skv. 6. gr. reglugerðar 502/2012.

Í yfirliti yfir sjóðstreymi eru rakin áhrif viðaukanna á áætlaðan fjárhag sveitarfélagsins. Þar kemur fram að heildarbreyting á áætluðu handbæru fé vegna viðauka er lækkun um 42,7 milljónir. Samtals gerir áætlun með viðaukum ráð fyrir að handbært fé lækki um 84,4 milljón úr 639,3 milljónum í 554,8 milljónir.

Tillaga um framangreinda viðauka var samþykkt samhljóða.

4. Bréf:

- a. Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 1. sept. 2014

Með bréfinu eru samtökin kynnt fyrir fulltrúum í sveitarstjórnnum, rakin forsenda fyrir stofnunun þeirra og stjórn þeirra kynnt. Þá er boðað til aðalfundar samtakanna 8. október nk. Bréfið var til kynningar.

Oddviti gerði það að tillögu sinni að dagskrá verði breytt þannig að tvö bréf verið tekin til viðbótar við boðaða dagskrá. Samþykkt.

- b. Opið bréf Lárusar Ægis Guðmundssonar, dags. 12 ágúst. 2014

Sveitarstjórn hefur mótttekið opið bréf Lárusar Ægis Guðmundssonar sem birtist á heimasíðu sveitarfélagsins þann 12. ágúst s.l. Sveitarstjórn þakkar bréfitara áhuga og ábendingar og mun taka þær til skoðunar.

- a. Björgunarsveitarinnar Strandar, dags. 15. sept. 2014

Með bréfinu er gerð grein fyrir að björgunarsveitin standi frammi fyrir útgjöldum vegna hitaveituvæðingar á húsnæði sveitarinnar Bjarnabúð og óskað eftir styrk sem svarar verði ofna í húsið.

Samþykkt að gera það frávik frá samþykkt sveitarstjórnar um kostnaðarþátttöku vegna hitaveituvæðingar að björgunarsveitin geti fengið styrk til ofnakaupa samkvæmt þeim reglum sem þar eru skilgreindar.

5. Fundargerðir:

- a. Stjórnar SSNV, 07.07.2014
Fundargerðin var til kynningar
- b. Stjórnar SSNV, 15.07.2014
Fundargerðin var til kynningar



- c. Stjórnar SSNV, 23.07.2014
Fundargerðin var til kynningar
- d. Stjórnar SSNV, 23.07.2014
Fundargerðin var til kynningar
- e. Stjórnar SSNV, 30.07.2014
Fundargerðin var til kynningar
- f. Stjórnar SSNV, 21.08.2014
Fundargerðin var til kynningar
- g. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 3.09.2014
Fundargerðin var til kynningar

6. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 12.20

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson